Borgarbyggð
Borgarbraut 14
310 Borgarnes

Garðabær, 12. febrúar 2024
Málsnúmer: 202401-0089
IAS

**Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar vegna íþróttasvæðis, íbúðarsvæðis og þjónustustofnana.**

Vísað er í erindi frá Borgarbyggð sem barst 25. janúar 2024 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Fyrirhugað er að stækka íþróttasvæði (O1) inn yfir hluta íbúðarsvæðis (Í4) og þjónustusvæðis (Þ3).

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og gerir engar athugasemdir en bendir á nálægð svæðisins við Borgarvog. Borgarvogur er á náttúruminjaskrá, svæði 239, og til stendur að friðlýsa Borgarvog sem friðland. Fara þarf sérstaklega varlega í framkvæmdir, þar sem breytingasvæðið nær niður í fjöru, til að raska ekki lífríki fjörunnar.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur